

**FORSETA BRÉF**

um þinglausnir.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi, 86. löggjafarþing, hefur lokið störfum. Mun ég því slita Alþingi í dag, fimmtudaginn 5. maí 1966.

*Gjört í Reykjavík, 5. maí 1966.*

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

---

*Bjarni Benediktsson.*

**L Ö G**

um almennan frídag 1. maí.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Almennur frídagur skal vera 1. maí ár hvert.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 4. maí 1966.*

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

---

*Eggert G. Þorsteinsson.*